



Verkfræðingafélag Íslands

Ársskýrsla
starfsárið **2023-2024**

Ársskýrsla þessi greinir frá starfsemi Verkfræðingafélags Íslands starfsárið 2023-2024, þ.e. á milli aðalfunda. Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins en stjórn félagsins þess á milli.

Stjórn VFÍ 2023-2024

Svana Helen Björnsdóttir, formaður
Páll Á. Jónsson, varaformaður, form.
Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi í VFÍ
Anna Beta Gísladóttir, meðstjórnandi
Guðrún Sævarsdóttir, meðstjórnandi
Margrét Elín Sigurðardóttir, formaður
Kjaradeildar VFÍ
Erlendur Örn Fjeldsted, varamedstjórnandi
Þröstur Guðmundsson, varamedstjórnandi

Kjaradeild

Margrét Elín Sigurðardóttir, formaður
Gunnar Sigvaldason, varaformaður.
Halldór Zoëga
Helga Helgadóttir
Einar Halldórsson
Lúvísa Sigurðardóttir, varamedstjórnandi
Ásdís Sigurðardóttir, varamedstjórnandi

Deild stjórnenda og sjálfstætt starfandi

Páll Á. Jónsson, formaður
Bergþór Þormóðsson
Stefán Veturliðason
Jón M. Guðmundsson, varamedstjórnandi

Endurskoðendur

Eysteinn Einarsson, skoðunarmaður
Kristjana Kjartansdóttir, skoðunarmaður
Kristinn Gestsson, löggiltur endurskoðandi

Starfsfólk

Árni B. Björnsson, framkv.stj.
Sigrún S. Hafstein, sviðsstjóri fag- og félagssviðs, staðgengill framkv.stj.
Aðalheiður Ragnarsdóttir, fulltrúi sjóða
Dagrún Hjartardóttir, sérfræðingur á sviði kjaramála
Hanna Dóra Hjartardóttir, fulltrúi í móttöku
Hjörleifur Kristinsson, skrifstofustjóri
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, sérfræðingur á sviði kjaramála
Vilborg Ævarsdóttir, fulltrúi

Efnisyfirlit	
Ávarp formanns	bls. 3
Áhersla á mennta- og réttindamál	bls. 4
Útgáfumál	bls. 6
Fræðandi og skemmtilegt félagsstarf	bls. 8
Samstarf innanlands og erlendis	bls. 10
FEANI/Engineers Europe	bls. 11
Ársreikningur Félagssjóðs 2023	bls. 13
Ársreikningur Hússjóðs 2023	bls. 14
Skýrslur deilda, nefnda og faghópa	bls. 21
Atburðir 2023-2024	bls. 26



Ávarp formanns VFÍ

Í upphafi árs 2024 voru félagar í Verkfræðingafélaginu 5.601 talsins og fjölgaði þeim um 5,2% á árinu 2023. Félagafjölgunin hefur verið stöðug undanfarin ár. Hlutfall kvenna er nú 22,5%.

Liðið starfsár var um margt viðburðaríkt og mörg mál á dagskrá hjá félaginu. Dagur verkfræðinnar var haldin í nóvember 2023. Ákveðið var að færa þennan stærsta viðburð félagsins til vors, eins og verið hafði fyrir heimsfaraldurinn. Dagur verkfræðinnar var því aftur haldinn 19. apríl síðastliðinn, samhliða IMaR ráðstefnunni sem haldin var í annað sinn. IMaR stendur fyrir Innovation, Megaprojects and Risk, og var haldin í samstarfi við Háskólann í Reykjavík og fleiri aðila. Báðir voru þessir viðburðir fjölsóttir og félaginu til sóma.

Teningurinn var afhentur á Degi verkfræðinnar. Í nóvember hlaut Össur Teninginn fyrir hönnun og þróun á AeroFit, byltingarkenndri lausn á sviði stoðtækja. Nú í apríl voru það Almannavarnir sem hrepptu gripinn fyrir varnaraðgerðir í tengslum við eldsumbrot á Reykjanesi. Það var einstaklega ánægjulegt að geta við það tækifæri dregið fram í dagsljósið framlag lykilmál í verkefninu á verkfræðistofunum Eflu og Verkís.

Hafin var vinna við endurnýjun á vef VFÍ. Greiningarvinnu og útlitshönnun er lokið og standa vonir til að nýr vefur líti dagsins ljós á haustmánuðum eða í upphafi næsta árs. Einn huti af verkefninu er að setja upp rafrænt félagatal. Þar munu félagsmenn geta sett inn upplýsingar um meðal annars menntun, áhugasvið og fagþekkingu og þannig styrkt tengslanet sitt.

Ný heimildamynd „Trúin á tæknina“ um sögu, samtíð og framtíð verkfræði og tæknifræði á Íslandi verður frumsýnd í júní. Verkefnið er afar metnaðarfullt og mun umfangsmeira en í fyrstu var ráðgert, enda er verkfræðin samofin sögu þjóðarinnar og

þeim miklu samfélagslegu breytingum sem orðið hafa á síðustu öld.

Annað verkefni sem hefur tekið meiri tíma en ætlað var er skráning tímarits VFÍ, Icelandic Journal and Engineering, í Scopus gagnagrunninn. Við bíðum óþreyjufull eftir því af afgreiðslu umsóknarinnar ljúki. Útgáfan er rafræn og er vefur tímaritsins er ije.is. Þar má finna allar ritrýndar greinar sem birst hafa í tímaritinu frá árinu 2013. Jafnframt er öll tímarita- og blaðaútgáfa VFÍ frá stofnun félagsins árið 1912 aðgengileg á timarit.is.

Stjórn VFÍ hefur lagt áherslu á að skila vönduðum umsögnum um margvísleg málefni. Í ársskýrslunni er yfirlit um umsagnir félagsins á liðnu starfsári sem flestar voru lagðar fram í gegnum Samráðsgátt stjórnvalda, en einnig var umsögnum skilað beint til nefnda Alþingis.

Fjárhagsleg staða félagsins og sjóða í vörslu þess er mjög traust sem gefur tækifæri til að styrkja starfsemina og þjóna félagsmönnum enn betur. Það er afar ánægjulegt að geta enn á ný lagt fram tillögu um óbreytt félagsgjöld þrátt fyrir mikla verðbólgu og hækkun kostnaðarliða. Félagsgjöldin hafa verið óbreytt frá árinu 2017. Verkfræðingafélagið hefur þá sérstöðu að félagsgjaldið er lágt, föst fjárhæð en ekki prósentu af launum. Félagið hefur því ekki tekið til sín sjálfkrafa hækkunar á félagsgjaldi vegna hækkunar launa, eins og önnur stéttarfélag hafa gert.

Mikil ábyrgð felst í því að reka sjúkra- og styrktarsjóði félagsins þannig að þeir geti sinnt mikilvægu hlutverki sínu. Ársskýrslur sjóðanna sýna að það hefur tekist og staða sjóða VFÍ er sterk.

Í vel heppnaðri Rýniferð til Lissabon var skrifað undir samstarfssamning við portúgalska verkfræðingafélagið. Forsvarsmenn þess hafa mikinn áhuga á íslenskri þekkingu á sviði grænnar orku og við getum mikið af þeim lært, til dæmis á sviði byggingarannsókna. Formaður og fyrrverandi formaður portúgalska félagsins heimsóttu VFÍ í tengslum við IMaR og Dag verkfræðinnar nú í apríl.

Stjórn félagsins boðaði til tveggja samráðsfunda með baklandi félagsins á starfsárinu. Sem fyrr voru þessir fundir afar gagnlegir og ánægjulegir. Til samráðsfundanna eru boðaðir allir þeir félagsmenn sem með einhverjum hætti starfa fyrir félagið. Samráðsfundunum er ætlað að stuðla að góðu og gagnvirku upplýsingastreymi, bæta yfirsýn og samhug, og vera til ráðgjafar og stuðnings við stjórn.

Hér hefur einungis verið nefndur hluti þeirra fjölmörgu verkefna sem Verkfræðingafélagið vinnur að. Eftir að hafa gegnt embætti formanns félagsins í fimm ár hefur mér orðið æ betur ljóst hversu mikilvægu hlutverki félagið hefur að gegna en það er stærsta og öflugasta fag- og stéttarfélag tæknimennanna á Íslandi.

Nýlegt dæmi er umræða um nauðsyn byggingarannsókna á Íslandi. Blaðgreinar mínar um efnið og viðtöl í fjölmiðlum vöktu mikla athygli og sýndu að félagið getur og á að nýta fagþekkingu félagsmanna til að koma mikilvægum málum í betra horf. Það er alvarlegt vandamál að stjórnámálemenn skortir skilning á mikilvægi djúprar fagþekkingar og mörg þeirra vandamála sem við blasa í innviðum og orkugeiranum hér á landi má einmitt rekja til þessarar staðreyndar.

Á undanförunum mánuðum hefur mikil vinna farið í undirbúning kjaraviðræðna. Stefna félagsins er að virða eigi menntun til launa og að mikil eftirspurn eftir tæknimennuðu fólki eigi að endurspeglast í góðum starfskjörum. Vil ég nota þetta tækifæri til að þakka sérstaklega trúnaðarmönnum félagsins og þeim sem sitja í samninganefndum fyrir þess hönd.

Að lokum vil ég þakka starfsfólki á skrifstofu félagsins og öllum þeim sem hafa starfað í stjórnnum og nefndum félagsins fyrir afar gott og árangursríkt samstarf á árinu. Einnig þakka ég þeim sem hafa lagt félaginu lið á margvíslegan hátt.

*Svana Helen Björnsdóttir,
formaður Verkfræðingafélags Íslands.*

Menntamálanefnd VFÍ

Skipan MVFÍ starfsárið 2023-2024:

Steindór Guðmundsson, formaður
 Arnlaugur Guðmundsson
 Björn Karlsson
 Heiða Pálmadóttir1)
 Ingunn Sæmundsdóttir
 Jenný Ruth Hrafnadóttir
 Jens Arnljótsson
 Jóhannes Benediktsson
 Ólafur Pétur Pálsson
 Þórður Helgason

Heiða Pálmadóttir hætti í nefndinni í desember 2023

Umsóknir til félagsins

Eins og undanfarin ár bárust mjög margar umsóknir til félagsins, bæði umsóknir um inngöngu í félagið og um leyfi til að kalla sig verkfræðing eða tæknifræðing. Tvenns konar fundir nefndarinnar eru haldnir: Annars vegar fundar formaður nefndarinnar með starfsfólki skrifstofu VFÍ og þar eru afgreiddar umsóknir þar sem lítil eða enginn vafi leikur á niðurstöðu vegna margra fordæma. Þessir „embættismannafundir“ eru haldir tiltölulega þétt þannig að umsóknir sem

einfalt er að afgreiða safnist síður upp. Þetta eykur skilvirkni í afgreiðslu umsókna. Hins vegar er svo öll nefndin boðuð á fundi á um það bil á tveggja mánaða fresti, þar sem áhersla er lögð á að afgreiða umsóknir þar sem vafi leikur á hvort skilyrði um inngöngu og/eða skilyrði fyrir því að fá viðkomandi starfsheiti eru uppfyllt. Almennir fundir nefndarinnar á starfsárinu voru fimm en embættismannafundir voru sex talsins. Þessir fundir eru haldnir í Verkfræðingahúsi. Umsóknir um ungfélagaaðild voru svipaðar að fjölda og undanfarin ár, en mættu þó gjarnan vera fleiri. Í því samhengi má benda á að nemar í verkfræði og tæknifræði fá að gerast ungfélagar í VFÍ strax við innritun í tæknifræðináms eða verkfræðináms og ungfélagaaðild er gjaldfrjáls.

Fyrirspurnir um viðurkennda skóla og eða námsbrautir

Auk formlegra umsókna um inngöngu í félagið og leyfi til að nota starfsheitin tvö, bárust Menntamálanefnd VFÍ allmargar fyrirspurnir um það hvort tiltekið meistaranám myndi verða viðurkennt sem fullnægjandi til þess að fá að nota starfsheitið verkfræðingur. Í lang flestum

tilvikum var um að ræða fólk í BS-námi í verkfræði eða tæknifræði við Háskóla Íslands eða Háskólann í Reykjavík sem var að velta fyrir sér framhaldsnámi í ýmsum löndum.

Umsagnir VFÍ sem stéttarfélags vegna umsókna um atvinnuleyfi

Undanfarin ár hafa aukist fyrirspurnir til VFÍ vegna umsókna einstaklinga utan EES svæðisins um atvinnuleyfi sem sótt er um hjá Vinnumálastofnun. Þá þarf umsögn frá viðkomandi stéttarfélagi, sem er VFÍ ef umsækjandi er að sækja um starf sem verkfræðingur, tæknifræðingur eða með BS-próf í verkfræði. Menntamálanefnd hefur skoðað þessar umsóknir og metið fyrir hönd VFÍ.

Samskipti við ráðuneyti háskóla, iðnaðar og nýsköpunar

Málefni MVFÍ heyra undir ráðuneyti háskóla, iðnaðar og nýsköpunar, þar sem Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir er ráðherra. Samskiptin við ráðuneytisfólk voru í góðum farvegi, en þó var ekki var haldinn árlegur samráðsfundur, sem oft hefur verið haldinn.



Samskipti við Háskólann í Reykjavík

Stefnt er að því að halda árlega samráðsfundi um verkfræðinám og tæknifræðinám við HR en ekki náðist að halda slíkan fund á starfsárinu. Stefnt er að slíkum fundi sem fyrst, m.a. til að fjalla sérstaklega um nám í hugbúnaðarverkfræði við HR. Þar voru nýlega gerðar breytingar á samsetningu námsins með því að fækka undirstöðugreinum. Þetta veldur MVFÍ vandræðum við mat á námi þeirra sem sækja um starfsheitið verkfræðingur og um inngöngu í VFÍ. Það er afleitt ef skólinn skilgreinir verkfræðinám sem uppfyllir ekki kröfur VFÍ og ráðuneytisins.

Í júnimánuði var uppskeruhátíð í HR „Tæknidagar“ þar sem meistaranemar kynntu á veggspjöldum lokaverkefni sín. VFÍ veitti viðurkenningar fyrir tvö lokaverkefni. Björn Karlsson nefndarmaður í MVFÍ tók þátt í að velja bestu kynninguna og Páll Á. Jónsson, varaformaður VFÍ flutti ávarp.

Samskipti við Verkfræðideild HÍ

Stefnt er að því að halda árlega samráðsfundi með Verkfræðideild HÍ um verkfræðinámið en ekki náðist að halda

slíkan fund á starfsárinu. Stefnt er að slíkum fundi sem fyrst, m.a. til að fjalla sérstaklega um nám í lífverkfræði við HÍ. Uppbygging námsins veldur MVFÍ vandræðum við mat á námi þeirra sem sækja um starfsheitið verkfræðingur. Það er afleitt ef skólinn skilgreinir verkfræðinám sem uppfyllir ekki kröfur VFÍ og ráðuneytisins.

Meistaradagur Verkfræðistofnunar HÍ var haldinn 30. maí, þar sem nemendur kynntu lokaverkefni sín í verkfræði. Að loknum kynningum veitti VFÍ þremur meistaranemum viðurkenningar fyrir sérlega vel unnar og áhugaverðar veggspjaldakynningar. Formaður MVFÍ tók þátt í að meta kynningarveggspjöld með lýsingu á verkefnunum, ásamt fulltrúa frá HÍ og Svana Helen Björnsdóttir, formaður VFÍ flutti ávarp.

*F.h. Menntamálanefndar VFÍ
Steindór Guðmundsson, formaður.*



Útgáfumál

Útgáfumál

Áfram var unnið að skráningu Icelandic Journal of Engineering (Verktækni – tímarit VFÍ) í Scopus gagnagrunninn. (www.scopus.com). Verkefnið hefur tekið mun lengri tíma en gert var ráð fyrir vegna vanefnda erlends ráðgjafa sem fenginn var til að aðstoða við umsóknina en einnig vegna langs afgangstímna hjá Scopus.

Útgáfa IJE er að öllu leyti rafræn á vefnum ije.is. Frá árinu 2020 hafa fræðigreinar verið birtar á vef tímaritsins jafnóðum og þær eru tilbúnar til birtingar. Aðgangur er opinn (e. Green Open Access). Höfundar greiða ekki fyrir innsendingu á handriti né birtingu greina. Í lok hvers almanaksárs er gefið út prentað tölublað með greinum nýliðins árs. Hægt er að panta prentað tölublað á skrifstofu VFÍ. Greinar sem óskað er eftir að birtist á yfirstandandi ári þurfa að berast ritstjórnarfulltrúa fyrir lok septembermánaðar. Tímaritið er með vefsvæði annars vegar á íslensku og hins vegar á ensku

Ritstjórnina skipa eftirtalin:

Dr. Bjarni Besson, prófessor, Háskóli Íslands.

Dr. Helgi Þór Ingason, prófessor, Háskólinn í Reykjavík.

Dr. Kristinn Andersen, prófessor, Háskóli Íslands.

Dr. María Sigríður Guðjónsdóttir, lektor, Háskólinn í Reykjavík.

tímarit.is og aðrir gagnagrunnar

Verktækni tímarit Verkfræðingafélags Íslands kom fyrst út í september 2013. Í tímaritinu voru birtar ritrýndar greinar og almennar tækni- og vísindagreinar auk annars efnis. Í árslok 2019 varð sú breyting á útgáfunni að áherslan er fyrst og fremst á útgáfu ritrýndra fræðigreina. Á ije.is má nálgast allar greinar sem birst hafa frá 2013. Hvað eldri greinar varðar þá er í gildi er samningur við tímarit.is um að allt útgefið efni félagsins sé aðgengilegt á rafrænu formi. Ávinningurinn af því að setja efnið inn á tímarit.is er meðal annars sá að varðveisla á gögnunum er tryggð, miðlun um allar upplýsingaveitur, textaleit og tengingar við aðrar leitarvélur.

vfi.is – Nýr vefur í vinnslu

Á starfsárinu hófst vinna við nýjan vef VFÍ og er ráðgert að hann fari í loftið á haustmánuðum 2024. Einn hluti af

verkefninu er að setja upp „rafrænt félagatal“ þar sem skráning verður valkvæð. Þar geta félagsmenn sett inn upplýsingar um meðal annars áhugasvið og fagþekkingu og þannig styrkt tengslanet sitt. Fyrst um sinn er ekki gert ráð fyrir breytingum á „Mínum síðum“ sem hafa verið í notkun frá 2019. Kerfið hefur að flestu leyti reynst vel en þar geta félagsmenn að fylgst með réttindum í sjóðum, stöðu umsókna, iðgjaldgreiðslum og öðru er tengist aðild að félaginu og sjóðum VFÍ.

VFÍ er á Facebook, slóðin er: facebook.com/vfi.1912. Félagið er einnig á Instagram, verkfræðingafélag og LinkedIn.

Rafbílar VFÍ – gervigreind VFÍ

Í framhaldi af ráðstefnu VFÍ um rafræningu var stofnaður hópurinn „Rafbílar VFÍ“ á Facebook. Stöðugt fjölgar í hópnum og þar eru áhugaverðar upplýsingar og umræður um rafræningu. Ráðgert er að setja upp sambærilegan hóp um gervigreind.

Umsagnir

VFÍ er umsagnaraðili um hin ýmsu málefni. Félagið vill taka þátt í stefnumótun, lagasetningu og ákvarðanatöku. Umsagnir eru birtar jafnóðum á vef félagsins. Á starfsárinu, þ.e. frá maí 2023 fram að

Siðanefnd VFÍ

Í lögum Verkfræðingafélags Íslands (19. grein) segir þetta:

Siðanefnd skal starfa í félaginu. Hlutverk hennar er að láta í ljós álit um ágreining, sem rísa kann vegna ætlaðs brots á siðareglum félagsins og halda siðareglum Verkfræðingafélags Íslands á lofti meðal félagsmanna. Nefndin kemur saman tvisvar á ári og oftast ef tilefni er til. Siðanefnd starfar óháð stjórn félagsins og ákveður hvernig álit nefndarinnar er komið á framfæri. Í Siðanefnd eiga sæti þrjú fastafulltrúar skipaðir af stjórn VFÍ til tveggja ára. Stjórn VFÍ skipar formann. Í hverju máli skipar stjórn VFÍ tvo fulltrúa til viðbótar til að fjalla um þetta einstaka mál. Við val í nefndina skal leitast við að hafa a.m.k. einn fulltrúa háskólasamfélagsins og einn fulltrúa almenna markaðarins. Við vanhæfi einstakra stjórnarmanna og í sérstökum kærumálum getur stjórn VFÍ, að ósk formanns Siðanefndar, skipað fleiri til starfa í Siðanefndinni. Nefndinni er skipaður ritari úr hópi starfsmanna VFÍ.

Í Siðanefnd VFÍ eru:

Kristinn Andersen, Guðmundur Þorbjörnsson og Sunna Björg Reynisdóttir.

Engin mál bárust nefndinni á síðasta starfsári.

aðalfundi í loka apríl 2024 skilaði félagið umsögnum um eftirfarandi:

Umsögn um drög að samgönguáætlun 2023-2038. (Dags. 31.7.2023).

Drög að reglugerð um netöryggisráð. (Dags. 17.8.2023).

Frumvarp til laga um félagafrelsi á vinnumarkaði. Endurflutt. (Dags. 6. nóvember 2023).

Reglur um fjárframlög til háskóla. Mál nr. 192/2023. (Dags. 14. nóvember 2023).

Flest þessi mál voru birt í Samráðsgátt stjórnvalda en að auki leita ýmsir aðilar álits félagsins í málum sem talið er að varði hagsmuni félagsmanna og samfélagsins í heild.

Umsagnir VFÍ eru birtar á vef félagsins.





Fræðandi og skemmtilegt félagsstarf

Fundir og ráðstefnur

Fjöldi funda og námskeiða voru haldin á vegum félagsins á starfsárinu og listinn aftast í ársskýrslunni er til vitnis um öflugt og fjölbreytt starf. Stefnan er að allir fundir séu í beinu streymi eða fjarfundir á Teams eða Zoom.

Hægt er að nálgast upptökur á „Sjónvarp VFÍ“ sem er rás á Vimeo og er hlekkur á forsiðu vfi.is

Dagur verkfræðinnar og IMaR

Dagur verkfræðinnar var haldinn 17. nóvember 2023 á Hilton Reykjavík Nordica. Mæting á staðinn var mjög góð og einnig fylgdust fjölmargir með dagskránni í streymi. Dagur verkfræðinnar hefur verið haldinn átta sinnum og aðsókn verið einstaklega góð frá upphafi. Markmiðið með viðburðinum er að kynna verkfræðina, spennandi störf og verkefni á því sviði og ekki síst efla tengsl og samheldni meðal íslenskra verkfræðinga og tæknifræðinga.

Ákveðið var að færa Dag verkfræðinnar til vorsins að nýju og var hann haldinn 19. apríl. Deginum áður var IMaR ráðstefnan haldin í samstarfi við Háskólann í Reykjavík og fleiri aðila.

Teningurinn

Össur hlaut Teninginn viðurkenningu Verkfræðingafélags Íslands fyrir framúrskarandi verkefni eða framkvæmd, þegar hann var afhentur á Degi verkfræðinnar. Viðurkenningin var fyrir hönnun og þróun á AeroFit, byltingarkenndri lausn á sviði stoðtækja. Í apríl voru það Almannaþingir sem hlutu Teninginn fyrir varnaraðgerðir í tengslum við eldumbrot á Reykjanesi. Í lykilstærðum

voru sérfræðingar Eflu og Verkís. Markmiðið með Teningnum er að vekja athygli á vel útfærðum og áhugaverðum verkefnum sem tæknifræðingar og verkfræðingar vinna að. Hver dómnefndarmaður gefur einkunn fyrir hvert viðmið, sem eru alls sex talsins, og það verkefni sem hlýtur hæstu meðaltals einkunn hreppir verðlaunin.

Verðlaunagripurinn hefur vakið verðskuldaða athygli. Hönnuðir eru Narfi Þorsteinsson og Adrian Rodrigues. Þeir félagarnir gerðu einnig kynningarmyndband um Teninginn sem hefur ekki síður vakið athygli en verðlaunagripurinn sjálfur. Hægt er að horfa á myndbandið á vef VFÍ og á Youtube.

Ný heimildamynd Trúin á tæknina

Í tilefni af 110 ára afmæli VFÍ árið 2022 var ákveðið að ráðast í gerð heimildamyndar um sögu verkfræði á Íslandi – nútíð og framtíð. Höfundar eru Adrian Rodriguez og Einar Kári Jóhannsson. Frumsýning myndarinnar verður í júní 2024.

Fjölskyldudagur verkfræðinnar

Fjölskyldudagur verkfræðinnar 2023 var haldinn í fimmta sinn í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í Laugardal, sunnudaginn 27. ágúst. Sem fyrr var viðburðurinn vel sóttur. Fjölskyldudagur verkfræðinnar er haldinn í samstarfi við Vísindasmiðju Háskóla Íslands.

Rýniferðir

Rýniferðin 2023 var til Lissabon í Portúgal dagana 22. – 29. september. Rýniferðir hófust á vegum Tæknifræðingafélags Íslands árið

1998 og eru nú orðnar 24. Rýniferðir hafa notið mikilla vinsælda frá upphafi. Næsta ferð verður til Ístanbul í Tyrklandi dagana 27. september til 6. október.

Heimsóknir í skólana

Á hverju hausti kynna forsvarsmenn VFÍ fyrsta árs nemum í verkfræði og tæknifræði starfsemi félagsins. Þeim sem lengra eru komnir í náminu er boðið í heimsókn í Verkfræðingahúsið í svokallaðar „vísindaferðir“. VFÍ á einnig gott samstarf við kappaksturslið háskólanna og er styrktaraðili þeirra, einnig Hönnunarkerppni HÍ sem er á vegum Vélarinnar, nemendafélagas vélaverkfræðinema. Tekinn var upp þráðurinn með heimsóknir til nemenda í Kaupmannahöfn. Haldinn var fjölsótt „vísindaferð“ í Jónshúsi í febrúarmánuði 2024.

Á vormánuðum er ráðgert að halda kynningu fyrir nema sem eru um það bil að ljúka BS- eða MS gráðu í verkfræði eða tæknifræði. Ráðgjafar hjá Hagvangi flytja fyrirlestur um vinnumarkaðinn, ráðningarsamninga og ferilskrár og svara spurningum.

VerkTækni golfmótið

VerkTækni golfmótið féll niður þetta árið. Ástæðan var hve illa gekk að manna golfnefndina. Nú horfir til betri vegar og er stefnt að golfmóti sumarið 2024.

Glæsileg aðstaða

Aðal fundasalurinn í Verkfræðingahúsi hefur verið vel nýttur. Félagsmönnum stendur til boða að taka salinn á leigu fyrir fundi og mannfagnaði og hefur það mælst vel fyrir.



Félagsskírteini

VFÍ er með samning við Íslandskortid vegna útgáfu á félagsskírteini. Marvíslegir afslættir fylgja notkun kortsins og eru upplýsingar á islandskortid.is þar sem afsláttarkjör eru uppfærð reglulega. Félagsskírteinið er rafrænt

og eru leiðbeiningar um hvernig nálgast má það á vef VFÍ.

Heiðursmerki VFÍ

Í nóvember 2023 var Jón Atli Benediktsson rafmagnsverkfræðingur, rektor Háskóla Íslands sæmdur heiðursmerki VFÍ. Á myndinni

hér fyrir neðan eru f.v. Árni B. Björnsson framkvæmdastjóri VFÍ, Jón Atli Benediktsson og Svana Helen Björnsdóttir formaður VFÍ.



Samstarf innanlands og erlendis

Félagafjöldinn

Í lok árs 2023 voru félagsmenn í Verkfræðingafélagi Íslands 5.601. Konur voru 22,5% félagsmanna. Skrifstofa VFÍ veitir einnig félagsmönnum í Stéttarfélagi tölvunarfræðinga og Stéttarfélagi byggingarfræðinga þjónustu á sviði kjaramála.

Samstarf við HÍ og HR

Verkfræðingafélag Íslands leggur mikla áherslu á gott samstarf við háskólana. Slíkt samstarf er afar mikilvægt því eitt af meginmarkmiðum félagsins er að standa vörð um starfsheitið og tryggja gæði náms í verkfræði og tæknifræði hér á landi.

Í gegnum tíðina hefur VFÍ veitt viðurkenningar fyrir lokaverkefni nemenda. Á árinu 2023 voru veittar viðurkenningar á uppskeruhátíðinni Verkin tala í HR þar sem meistaranemar kynna niðurstöður rannsókna sinna á veggspjöldum. VFÍ veitti viðurkenningar fyrir tvö bestu veggspjöldin. Einnig veitti VFÍ þremur nemendum sem luku tæknifræðinámi viðurkenningar.

Á Meistaradegi Verkfræðistofnunar HÍ veitti VFÍ þremur meistaranemum viðurkenningar fyrir sérlega vel unnar og áhugaverðar veggspjaldakynningar.

Kynningarfundir og vísindaferðir fyrir nema eru fastur liður í starfsemi félagsins. Nemendur eru yfirleitt áhugasamir um

starfsemi VFÍ og vilja gjarnan fá tækifæri til að ræða ýmislegt sem varðar námið og hvað tekur við þegar út á vinnumarkaðinn er komið.

Stjórn og Menntamálanefnd VFÍ (MVFI) eru í reglulegum samskiptum við háskólana. Reglulega er farið yfir reglur sem gilda um starfsheiti verkfræðingur og tæknifræðingur og störf Menntamálanefndar VFÍ.

Samstarf við Vísindasmiðju HÍ.

Verkfræðingafélag Íslands og Vísindasmiðja Háskóla Íslands hafa undanfarin ár unnið sameiginlega að því markmiði að efla áhuga ungs fólks á vísindum, tækni og nýsköpun og efla jafnframt kennara á því sviði. Formlegt samstarf Vísindasmiðjunnar og Verkfræðingafélagsins hófst haustið 2018 og hefur meðal annars stuðlað að gerð fræðsluefnis fyrir kennara og nemendur um forritun, fræðsluverkefni fyrir grunnskóla um lausnir tengdar orkunotkun auk tilraunaverkefnis á vettvangi félagsmiðstöðva um undirstöðuatriði rafmagns.

Lögð hefur verið áhersla á að efla FLL Legókeppni grunnskólanna, verkefni sem eflir og reynir á margsvíslega hæfni í nýsköpun, forritun, hönnun og skapandi lausnir. Vísindasmiðjan hefur yfirumsjón með keppninni fyrir hönd Háskóla Íslands og stefnt er á að stækka verkefnið

umtalsvert til þess að gefa fleiri skólum um land allt kost á þátttöku.

Samstarfssamningurinn gerir einnig ráð fyrir að Vísindasmiðjan taki þátt í árlegum Fjölskyldudegi verkfræðinnar sem haldinn er í ágúst ár hvert, en undanfarin ár hefur fjöldi fólks lagt leið sína í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn og kynnst af eigin raun tækjum, tólum og tilraunum Vísindasmiðjunnar.

Endurmenntun- samstarf við EHÍ og Hagvang

Verkfræðingafélag Íslands hefur frá upphafi verið aðili að Endurmenntun HÍ (EHÍ) og er því heiðursamstarfsaðili. Endurmenntun HÍ hefur boðið félagsmönnum valin námskeið á sérstökum afsláttarkjörum. Á síðustu árum hefur verið unnið að því að halda námskeið á vegum landshlutadeildanna. VFÍ greiðir þá ferðakostnað fyrirlesara og gistingu ef þarf. Þannig er unnt að bjóða námskeiðin á sömu kjörum og hjá EHÍ í Reykjavík.


Í gildi er samstarfssamningur við Hagvang sem hefur séð um námskeið í launaviðtölum og einnig verið með önnur námskeið og fyrirlestra hjá VFÍ. Hagvangur hefur einnig aðstoðað félagsmenn í atvinnuleit.

ÍSHLJÓÐ

Hljóðvistarverðlaunin voru veitt í fyrsta sinn 2022. Verðlaunin eru veitt ábyrgðar- eða rekstraraðila fyrir framúrskarandi hljóðhönnun rýma fyrir hvers konar veitingastarfsemi, þ.e. kaffihús, veitingahús og sambærilegt. Viðurkenningin er samstarfsverkefni Íslenska hljóðvistarfélagsins (Íshljóð) og Verkfræðingafélags Íslands. Rætt hefur verið um að á næstu árum verði veitt hljóðvistarverðlaun í fleiri flokkum bygginga.

Íslenska hljóðvistarfélagið var stofnað árið 2006 og tilgangur félagsins er að tengja saman fólk sem vinnur við hljóðhönnun og hljóðvist á Íslandi. Félagið starfar sem faghópur innan Verkfræðingafélags Íslands.

Fjöldi félagsmanna VFÍ í ársbyrjun 2012 - 2024



Norðurlandasamstarf

ANE - Association of Nordic Engineers

Verkfræðingafélag Íslands varð aðili að ANE í upphafi árs 2018. ANE er samstarfsvettvangur félaga verkfræðinga og tæknifræðinga á Íslandi, í Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi og öðru af tveimur félögum í Noregi. Hlutverk ANE er að gæta hagsmuna norrænna verkfræðinga og tæknifræðinga bæði innan Norðurlandanna og í alþjóðlegu tilliti. Í dag eru um 500 þúsund félagsmenn í aðildarfélögum ANE.

ANE vinnur að því að auka sýnileika og áhrif verkfræðingastéttarinnar. Í gegnum ANE miðla félögin þekkingu sín á milli og vinna að ákveðnum verkefnum. Af nýlegum verkefnum má til dæmis nefna verkefni á sviði gervigreindar, sjálfbærni, fjölbreytileika, hæfnipróunar og upplýsingagjöf um mikilvægi rannsókna og nýsköpunar og sveigjanlegt vinnuumhverfi. Á vef ANE, www.nordicengineers.org og á Twitter og LinkedIn eru greinargóðar upplýsingar um starfsemina.

Nording

Nording er samstarfsvettvangur norrænna félaga verkfræðinga og tæknifræðinga. Aðalfundur er haldinn einu sinni á ári og á hann mæta formenn og framkvæmdastjórar félaganna. Tólf félög eiga aðild að Nording og eru félagsmenn þeirra samtals um 500 þúsund.

Á ársfundum NORDING bera forsvarsmenn félaganna saman bækur sínar um stöðu mála á vinnumarkaði og helstu verkefni hvers félags.

Á vettvangi ANE og NORDING hefur VFÍ talað fyrir því að sameina kraftana undir merkjum ANE og finna leiðir til að öll félög tæknifræðinga og verkfræðinga á Norðurlöngunum taki þátt í því starfi.

Gestaaðild

Í gildi er samkomulag norrænna félaga verkfræðinga og tæknifræðinga um gestaaðild. Samkomulagið geta þeir félagsmenn nýtt sér sem starfa í norrænu landi utan heimalands síns. Það nær til níu norrænna félaga tæknifræðinga og verkfræðinga auk VFÍ.

Gestafélagi hefur sama rétt í norrænum félögum tæknifræðinga og verkfræðinga og almennir félagsmenn en hefur ekki atkvæðis- og kjörgengisrétt. Þá er lögfræðikostnaður ekki innifalinn í gestaaðild og verður því aðeins greiddur að móðurfélag samþykki greiðsluna.

Samkomulagið nær heldur ekki til atvinnuleysisbóta.

Hægt er að vera gestafélagi í mesta lagi í þrjú ár. Gestaaðild fellur niður ef viðkomandi félagsmaður segir sig úr heimafélaginu, á Íslandi VFÍ, eða hættir störfum í viðkomandi landi. Samkomulagið gildir ekki um málefni nema (ungfélaga), eftirlaunaþega eða félagsmanna sem af öðrum orsökum eru ekki fullgildir félagsmenn. Gestaaðildin er gjaldfrí fyrir félagsmenn að því tilskyldu að félagsaðildin í heimafélaginu sé í gildi og félagsgjöld í skilum.

Íslandsnefnd ENGINEERS EUROPE (áður FEANI)

Verkfræðingafélag Íslands er aðili að Evrópusamtökum félaga verkfræðinga og tæknifræðinga. Frá upphafi var nafn samtakanna skammstafað FEANI en 1. janúar 2023 breyttist nafnið í Engineers Europe. Í hverju aðildarlandi starfa landsnefndir og Íslandsnefnd Engineers Europe starfar á vegum VFÍ. Undirritaður er formaður Menntamálanefndar VFÍ og jafnframt formaður Íslandsnefndar Engineers Europe.

Aðalfundir Engineers Europe eru haldnir tvisvar sinnum á ári. Haustfundurinn er Teams fundur, haldinn í fyrstu viku október en vorfundurinn er haldinn í raunheimum í maí eða júní. Sá fundur er haldinn í einhverju aðildarlandanna sem nú eru 33 talsins. Auk þess eru þrjú lönd til viðbótar með aukaaðild.

Aðalfundur Engineers Europe 2023

Í tengslum við aðalfundina eru fundir landsnefndanna: „National Members Forum (NMF)“.

Á fundum NMF er m.a. sagt frá starfi þriggja landsvæða-hópa NMF, sem eru Engineers Europe North, Engineers Europe South og Engineers Europe Central, þar sem Ísland tilheyrir Norðurhópnum.

Einnig er fjallað um hópastarf þriggja vinnuhópa innan Engineers Europe, sem eru: a) STEM (Science, Technology, Engineering, Mathematics), b) Sustainability og c) E4E (Engineers for Europe).

Engineers Europe North heldur tvo fundi á ári og er annar þeirra fjarfundur. Fjarfundurinn var haldinn í apríl og

Félagsmenn aðildarfélaganna teljast vera rúmlega 3,5 milljónir (verkfræðingar og tæknifræðingar). Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins viðurkennir Engineers Europe sem fulltrúa verkfræðinga- og tæknifræðingastéttanna í Evrópu. Þess vegna meðal annars var talið mikilvægt að breyta nafni samtakanna þannig að það lýsi betur starfseminni. Íslandsnefndin hefur lagt áherslu á að senda fulltrúa á aðalfundi Engineers Europe. Vorfundurinn 2022 var haldinn í Cannes og hann sóttu þau Svana Helen Björnsdóttir formaður VFÍ sem situr í stjórn Engineers Europe og Steindór Guðmundsson formaður Íslandsnefndar Engineers Europe.

Nánari upplýsingar um Engineers Europe má fá á heimasíðu samtakanna: <https://www.engineerseurope.com/>

tóku fulltrúar VFÍ þátt í honum. Í september 2023 var síðan raunheimafundur hópsins Engineers Europe North haldinn í Reykjavík. Fundinn sóttu níu erlendis fulltrúar auk framkvæmdastjóra Engineers Europe og 3 fulltrúar VFÍ tóku einnig þátt í fundinum. Fundur um málefni Engineers Europe var haldinn á föstudegi, en auk þess er gjarnan fjallað um eitthvert verkfræðilegt málefni sem er sérstakt fyrir gestgjafalandið. VFÍ fékk þorvald Þórðarson eldfjallafræðing til að segja frá eldgosum og hraunrennsli á Reykjanesskaga, og mæltist það vel fyrir. Á laugardegnum var síðan skoðunarferð um Reykjanesskagann.

*F.h. Íslandsnefndar ENGINEERS EUROPE
Steindór Guðmundsson, formaður.*



Áritun endurskoðenda

Við höfum endurskoðað ársreikning Félagssjóðs Verkfræðingafélags Íslands fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og sundurliðanir nr. 1-13. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að leitt sé í ljós að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greinargerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við

teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam rekstrarhagnaður ársins rúmum 114.6 mkr. en rekstartekjur námu rúmum 335.6 mkr. Heildareignir í lok ársins samkvæmt efnahagsreikningi námu tæpum 700,5 mkr. en heildarskuldir tæpum 33.1 mkr. á sama tíma. Eigið fé var því jákvætt um tæpar 667.4 mkr. í árslok. Veltufjármunir í árslok voru tæpum 667.4 mkr. hærrí en skammtímaskuldir.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2023, efnahag þess hinn 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við lög, samþykktir félagsins og góða reikningsskilavenju og að í honum komi fram allar þær upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli.

Reykjavík, 19. apríl 2024.

*Kristinn Gestsson,
löggiltur endurskoðandi.*

Við undirritaðir félagskjörnir skoðunarmenn Verkfræðingafélags Íslands, höfum yfirfarið ársreikning þennan. Hann er í samræmi við lög og reglur félagsins og leggjum við til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 28. apríl 2024.

*Kristjana Kjartansdóttir,
Eysteinn Einarsson.*

Ársreikningur félagssjóðs VFÍ 2023

Rekstrarreikningur

	2023	2022
<i>Rekstrartekjur</i>		
Félagsgjöld	182.042	172.958
Félagsgj. stéttarf -byggingar- og tölvunarfræðinga	45.681	40.415
Umsýslugjöld	107.902	92.289
Rekstrartekjur alls	335.625	305.662
<i>Rekstrargjöld</i>		
Laun og launatengd gjöld	102.375	95.313
Húsnæðiskostnaður	22.859	19.411
Aðkeypt þjónusta	6.302	5.046
Þjónustusamningar	3.252	2.480
Skrifstofukostnaður	14.980	12.836
Stjórnarlaun-samninganefndir	4.410	2.610
Rekstrargjöld alls	154.178	137.696
Rekstrarafgangur/tap af aðalstarfsemi	181.447	167.966
<i>Aðrar (tekjur) og gjöld</i>		
Útgáfumál og vefumsjónarkerfi	7.482	6.070
Félagakerfi, vél- og hugbúnaður	7.822	8.025
Húsbúnaður	573	127
Fundir, ráðstefnur og kynningarstarf	12.559	10.265
Innlent og erlent samstarf	15.105	10.218
Kjarakannanir og námskeið	10.736	7.467
Sérfræðiþjónusta við félagsmenn	31.102	26.963
Önnur verkefni	12.326	8.036
Aðrar (tekjur) og gjöld alls	97.705	77.171
Hagnaður/tap án fjármagnsliða	83.742	90.795
<i>Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld</i>		
Vaxtatekjur og verðbætur	39.994	18.419
Fjármagnstekjuskattur	-8.799	-4.054
Vaxtagjöld / bankakostnaður	-383	-257
	30.812	14.108
Tekjur umfram gjöld á árinu	114.554	104.903

Efnahagsreikningur pr. 31.12.2023

	2023	2022		2023	2022
<i>Eignir</i>					
Fastafjármunir	0	0	<i>Skuldir og eigið fé</i>		
			Eigið fé:		
			Óráðstafað eigið fé	667.390	553.590
Veltufjármunir:			<i>Skuldir:</i>		
Skammtímakröfur	46.488	59.332	Skammtímaskuldir	33.119	24.555
Handbært fé:	654.021	518.813			
Samtals eignir	700.509	578.145	Samtals skuldir og eigið fé	700.509	578.145

Ársreikningur Verkfræðingahúss ses 2023

Verkfræðingahús ses

Stjórnina skipa:

Sveinn I. Ólafsson formaður
Agnar K. Hansen
Eva Yngvadóttir
Torfi G. Sigurðsson varameðstjórnandi
Inga Hersteinsdóttir varameðstjórnandi

Öll skrifstofurými í húsinu eru í langtímaleigu til traustra leigutaka. Þau tímamót urðu að Lífsverk flutti úr húsinu en sjóðurinn hefur verið til húsa að Engjateigi 9 frá því húsið var tekið í notkun. Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga flutti í húsnæðið.

Endurbætur á anddyri hússins og loftum í stigagangi hafa gengið hægt en mun ljúka fyrir sumarið.

Rekstrarafkoma ársins 2023 var góð, rekstrarafgangur um 20,8 m.kr.

Í sjóði voru um 60,7 m.kr. áramótin 2023-2024.

Rekstrarreikningur Verkfræðingahúss ses 2023

	2023	2022
<i>Rekstrartekjur</i>		
Húsaleiga	38.713	35.464
Tjónabætur	333	
Rekstrartekjur alls	39.046	35.464
<i>Rekstrargjöld</i>		
Rekstur fasteignar	10.111	8.239
Framlag til samrekstrar	2.141	1.957
Annar kostnaður	513	488
Rekstrargjöld alls	12.765	10.684
Hagnaður/(tap) án fyrninga og fjármagnsliða	26.281	24.780
Fyrningar	-8.751	-8.285
Fyrningar alls	-8.751	-8.285
Hagnaður/tap án fjármagnsliða	17.530	16.495
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	3.253	1.432
Tekjur umfram (gjöld) á árinu	20.783	17.927

Efnahagsreikningur pr. 31.12.2023

	2023	2022		2023	2022
<i>Eignir</i>			<i>Skuldir og eigið fé</i>		
Fastafjármunir:			Eigið fé:		
Engjateigur 9	549.629	520.357	Óráðstafað eigið fé	606.265	556.209
			Fyrningarsjóður fasteignar	1.222	26.428
Fastafjármunir alls	549.629	520.357	<i>Eigið fé alls</i>	607.487	582.637
Veltufjármunir:			Skuldir:		
Skammtímakröfur	0	64	Skammtímaskuldir	2.866	2.658
Handbært fé	60.724	64.874	Skuldir alls	2.866	2.658
Veltufjármunir alls	60.724	64.938			
<i>Samtals eignir</i>	610.353	585.295	<i>Samtals skuldir og eigið fé</i>	610.353	585.295

Ársskýrsla KVFI 2023

Stjórn Kjaradeildar VFÍ:

Margrét Elín Sigurðardóttir, formaður
Einar Halldórsson
Gunnar Sigvaldason
Halldór Zoëga
Helga Helgadóttir

Varamenn í stjórn Kjaradeildar VFÍ:

Lúvísa Sigurðardóttir
Ásdís Sigurðardóttir

Tveir starfsmenn eru í fullu starfi sem sérfræðingar á sviði kjaramála. Ingibjörg

Ósk Birgisdóttir og Dagrún Hjartardóttir en Hulda Þorbjörg Stefánsdóttir lét af störfum síðastliðið vor.

Stjórn Kjaradeildar VFÍ hélt tólf fundi á starfsárinu og voru tekin til umfjöllunar mál er vörðuðu undirbúning kjaraviðræðna, kröfugerðir, kjarasamninga, úrlausn einstaklingsmála, uppsagnir, skipun í samninganefndir og kjarakönnun svo fátt eitt sé nefnt.

Námskeið

Ýmis námskeið voru haldin á starfsárinu, bæði staðbundin og með fjarfundabúnaði.

Námskeið um launaviðtöl voru sem fyrr vel sótt sem Geirlaug Jóhannsdóttir frá Hagvangi heldur. Mikil ánægja var með námskeiðið Hver verður staða mín við starfslok? sem Guðmundur Ragnarsson frá Þekkingarmiðlun hélt. Sama má segja um námskeið Ingridar Kuhlman Er gaman í vinnunni? Fleiri námskeið eru á áætlun á vordögum og má þar nefna launaviðtalsnámskeið og Virkjum stressið og nýtum kraftinn - frá Þekkingarmiðlun. Trúnaðarmönnum býðst einnig námskeið á vordögum þar sem Hugrún Vignisdóttir, sálfræðingur, fjallar um efnid Velliðan í

starfi trúnaðarmanns en það er mikilvægt fyrir trúnaðarmenn að halda í gleðina í hlutverkinu.

Í september var samlokufundur þar sem kynntar voru niðurstöður kjarakönnunar VFÍ 2023. Gestur fundarins var Ævar Þórólfsson verkefnastjóri hjá Félagsvísindastofnun HÍ. Fundurinn var í beinu streymi og tekinn upp.

Erindi um launapróun háskólafélags á Íslandi

Kjaramálasvið óskaði eftir því við Sigurð Jóhannesson hjá Hagfræðistofnun að halda erindi um þveröfuga hlutfallslega launapróun menntaðra og ómenntaðra á Íslandi. Þar hallar verulega á verkfræðinga. Trúnaðarmönnum og samninganefndum félagsins var boðið að hlýða á erindið. Voru fundarmenn hugsu eftir erindið og umræður voru heitar. Allir voru sammála um að spýta þurfi í lófana ef snúa eigi vörn í sókn.

Starfsemin á skrifstofu VFÍ

Stór hluti af daglegri vinnu starfsmanna kjarasviðs felst í því að svara fyrirspurnum einstaklinga, innlendra sem erlendra, sem leita til félagsins með margvísleg mál. Sem dæmi má nefna ráðgjöf vegna starfslokasamninga, uppsagna, ráðningarsamninga og túlkunar ákvæða í þeim, veita svör við fyrirspurnum launafulltrúa og samskipti við trúnaðarmenn félagsins.

Töluverð hreyfing hefur verið á vinnumarkaði á árinu, ef marka má fjölda ráðningarsamninga sem starfsmenn VFÍ hafa fengið til yfirlestrar á síðastliðnu ári.

Einnig hafa komið inn á borð VFÍ álitamál vegna veikindaréttar, ávinnslu orlofs og uppsagna í fæðingarorlofi, uppsögn trúnaðarmanna, mistúlkanir á bakvaktasamningum ásamt útfærslu á styttingu vinnuvikunnar.

Stórfelld aukning er á aðstoð við erlenda starfsmenn á íslenskum vinnumarkaði. Aðstoðin er margvísleg, yfirlestur ráðningarsamninga, samtöl við vinnuveitendur þar sem leiðréttingar á launaröðun félagsmannsins er krafist og hvert þeir geti leitað vegna almennra réttinda auk atvinnuleyfa.

Einnig hefur kjarasviðið þurft að hafa aukin afskipti af ráðningarsamningum er lúta að hugverkarétti. Mikilvægt er að brýna fyrir félagsmönnum að láta lesa yfir ráðningarsamninga áður en skrifað er undir.

Stofnanasamningar

Gerð stofnanasamninga er reglulegur þáttur í starfsemi kjarasviðsins, eftir atvikum í samstarfi við önnur háskólafélög. Á þessu starfsári voru gerðir samningar við Persónuvernd, Rannís og Hagstofu Íslands. Í athugun er að taka upp stofnanasamning verkfræðinga við Landspítalann en nú þegar hafa átt sér stað breytingar innan nokkurra sviða spítalans sem kalla á leiðréttingar samningsins það sama á við um stofnanasamning við Veðurstofuna. Einnig hafði VFÍ aðkomu að tímabundinni upptöku stofnanasamnings við Skattinn vegna viðbótargreiðslna sem rötudu í fjölmíðla. Til að stofna til friðar var ákveðið að 5. grein samningsins sem fjallar um viðbótarlaun, verði felld niður tímabundið í þeirri von að friður komist á um málefni Skattsins.

Fyrirtækjasamningar - vinnustaðafundir

Trúnaðarmenn í nokkrum stærri fyrirtækjum kölluðu eftir fundi með starfsmönnum VFÍ og lögfræðingi félagsins og óskuðu eftir því að gerður yrði fyrirtækjasamningur á þeirra vinnustað. Undirbúningur er hafinn að gerð fyrirtækjasamninga fyrir félagsmenn sem vinna hjá viðkomandi fyrirtækjum en sú vinna er mislangt á veg komin. Hópunum var boðið á Engjateiginn til skrafs og ráðagerða. Mikil ánægja var með fundinn og aðkomu lögfræðings VFÍ.

Ánægjulegt og gott samstarf við háskólafélögin

Kjaradeild VFÍ er í góðu samstarfi við kjarafélög háskólafélaganna. Mikil hefur verið um sameiginlega fundi þar sem kjaramál og núverandi kjarasamningsumhverfi hafa verið eftst á baugi á dagskrá fundanna. Haldinn var fundur hjá VFÍ í mars þar sem öllum kjaramáladeildum háskólafélaganna var boðið og gátu fundargestir rætt opinskátt um nýgerða kjarasamninga ófaglærðra og áhrif þeirra á háskólastéttir. Þarna voru samankomnir félagsmenn frá Félagi íslenskra náttúrufræðinga (FÍN), Fræðagarði, nú VISKA, Kjarafélagi viðskiptafræðinga og hagfræðinga og Stéttarfélagi lögfræðinga, FHSS og fleiri.

Aðkoma VFÍ að þeim samningaviðræðum sem eiga sér stað í Karphúsinu

Eins og flestum er kunnugt varð til svokölluð breiðfylking á vinnumarkaði þar sem fulltrúar frá m.a. ASÍ, Eflingu, VR og SGS með Vilhjálm Birgisson í broddi

fylkingar tóku sig saman og höfðu í hyggju að "búa til merki" sem myndi verða notað í allri kjarasamningsgerð. Farið var fram á krónutöluhækkanir með það að meginmarkmiði að hækka laun hinna lægstlaunuðu. Krónutöluhækkanir eru háskólafélögum á móti skapi enda hafa þær skilað litlu undanfarin ár í vasa þeirra.

Formaður Rafiðnaðarsambandsins kallaði til funda meðal félaga sem ekki standa að breiðfylkingunni (BF). Þessi hópur gekk fyrst undir vinnuheitinu „mjófylkingin“ en nafnið „þverfylkingin“ tók yfir þegar fundirnir færðust yfir í karphúsið og sáttasemjari gerðist fundarstjóri. Þverfylkingin samanstendur af fulltrúum frá RAFÍS, VM, MATVÍS, BSRB, 50% BHM, SFF, KÍ og VFÍ.

Samhljómur hefur verið með aðilum þverfylkingar um að kalla eftir prósentuhækkunum fyrir sína hópa, ólíkt breiðfylkingunni. Það er skemmst frá því að segja þetta samstarf þverfylkingarinnar leiddi til þess að knúin var fram blönduð leið, krónutöluhækkanir fyrir kaupataxfólk og prósentuhækkun fyrir milli- og hátekjuhópa.

Samningar lausir - Kjaraviðræður eru hafnar

Kjarasamningar eru flestir lausir núna, eða frá 31. mars 2024. Ef frá er talinn samningur VFÍ við SA en sá samningur er ótímabundinn. Kjaraviðræður VFÍ við Reykjavíkurborg eru hafnar. Enn er beðið eftir því að boðaðir verði fundir hjá ríki, sveitarfélögum og FRV. Sem liður í undirbúningi kjaraviðræðna var félagsmönnum sem áttu hlut að máli sendur tölvupóstur og þeim gefið tækifæri á að koma með sína sýn og áherslur fyrir kröfugerð og það var ánægjulegt að sjá hve þátttakan var mikil.

Kröfugerð gagnvart samningsaðilum var síðan mótuð eftir óskum félagsmanna og var send til samningsaðilanna á tilskildum tíma eða 31. október 2023.

Samninganefndir VFÍ/Facebook-síða

Stofnaður hefur verið FB-hópur fyrir samninganefndir VFÍ. Þar geta menn borið saman bækur sínar og safnað hugmyndum og hlaðið vopn sín fyrir komandi kjaraviðræður.

Samninganefndir félagsins hafa verið samstíga í settum markmiðum og kröfugerð og einhuga í áherslum um að ná árangri við gerð samninga en samninganefndir félagsins eru margar:

Samninganefnd VFÍ við FRV.

Samninganefnd VFÍ við ríkið.

Samninganefnd VFÍ við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Samninganefnd VFÍ við Reykjavíkurborg.

Samninganefnd VFÍ við Orkuveitu Reykjavíkur.

Samninganefnd við Rarik.

Samninganefnd við Landsvirkjun.

Samninganefnd við Landsnet.

Lögfræðiaðstoð

Lögfræðiaðstoð við félagsmenn er mikilvægur þáttur í starfsemi félagsins. Erindum sem hefur verið vísað til lögfræðings hefur fjölgað nokkuð milli ára í takt við vaxandi fjölda félagsmanna. Það er ómetanlegt fyrir VFÍ að eiga gott samstarf við færustu lögfræðinga landsins á sviði vinnuréttar.

Trúnaðarmenn

Kjaramáladeildin heldur vel utan um skráningu og kosningu trúnaðarmanna, en mikil vinna hefur verið lögð í það að efla trúnaðarmenn og störf þeirra. Við gerð

nýrra eða endurnýjaðra stofnanasamninga hefur félagið átt mjög gott samstarf við trúnaðarmenn félagsins hjá viðkomandi stofnunum.

Kjaradeild Byggingafræðingafélags Íslands og Stéttarfélag tölvunarfræðinga eru með þjónustusamning við VFÍ. Kjaradeildin veitir félagsmönnum félaganna ráðgjöf tengda kjaramálum og vinnur að gerð kjarasamninga fyrir þeirra hönd.

Skýrsla Styrktarsjóðs VFÍ 2023

Stjórn Styrktarsjóðs VFÍ starfsárið 2023-2024:


Auður Ólafsdóttir
Hulda Guðmundsdóttir
Hermann Ólason
Bjarni Bentsson
Hreinn Ólafsson

Sjóðfélagar eru starfsmenn ríkisins og sveitarfélaga og starfsmenn opinberra hlutafélaga sem félagið gerir kjarasamninga við. Fjöldi sjóðfélaga er 922 þar af eru félagar í VFÍ 781 og aðrir 141 og fjölgaði um 7,4% milli ára.

Veittir voru 1276 styrkir alls sem er 14,2% fjölgun milli ára.

Rekstrarreikningur

Fjöldi greiddra styrkja úr styrktarsjóði VFÍ



Á meðfylgjandi rekstrarreikningi sést að iðgjöld ársins námu 102,5 mkr og hækkuðu um 9,8% milli ára. Styrkir námu 105,0 mkr. Rekstrargjöld voru um 11,6 mkr. Gjöld umfram tekjur námu 9,8 mkr. og óráðstafað eigið fé í árslok 2023 var 49,9 mkr.


Frá og með áramótum 2018-2019 hafa gilt nýjar úthlutunarreglur sem miða að því að tryggingabætur, dagpeningagreiðslur og fæðingarstyrkir skerðist ekki en aðrir styrkir eru greiddir út sem hlutfall af greiddu iðgjaldi hvers sjóðfélaga. Hlutfall styrkja af

iðgjöldum var 102,5% 2023 en var 104,2% árið 2022. Þess ber að geta að iðgjöld sjóðfélaga eru mismunandi; lægst 0,75% af launum og hæst 1% af launum.


Unnið er að tryggingafræðilegri úttekt og ljóst að skerða þarf úthlutanir amk tímabundið. Þar er sjónum einkum beint að lækkan á hlutfalli endurgreidds iðgjalds sjóðfélaga.

Framhald varð á átaki í skimun gegn ristilkrabbameini og áhættumat hjá Hjartavernd fyrir sjóðfélaga.

Lykiltölur Styrktarsjóðs VFÍ



Sjóðfélagar Styrktarsjóðs VFÍ



Rekstrarreikningur

Rekstrartekjur
Iðgjöld

	2023	2022
Rekstrartekjur		
Iðgjöld	102.522	92.677
Rekstrartekjur alls	102.522	92.677

Rekstrargjöld

Styrkir og hóprannsókn
Umsýslukostnaður
Annar kostnaður

	2023	2022
Rekstrargjöld		
Styrkir og hóprannsókn	105.036	96.777
Umsýslukostnaður	10.252	9.267
Annar kostnaður	1.370	1.200
Rekstrargjöld alls	116.658	107.244
Hagnaður/(tap) án fjármagnsliða	-14.136	-14.567
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	4.297	4.486
(Gjöld) umfram tekjur á árinu	-9.839	-10.081

Efnahagsreikningur pr. 31.12.2023

	2023	2022
Eignir		
Skammtímaskuldur	0	5.621
Handbært fé	68.378	64.215
	68.378	69.836
Skuldir og eigið fé		
Óráðstafað eigið fé	49.886	59.726
Skammtímaskuldir	18.492	10.110
	68.378	69.836

Skýrsla Sjúkrasjóðs VFÍ 2023

Stjórn Sjúkrasjóðs starfsárið 2022 til 2023:

Hulda Björg Þórisdóttir
Halldór Árnason (lést í byrjun árs 2024)
Björgvin Áskelsson
Helgi Baldvinsson
Þór Hallgrímsson
Reynir Leví Guðmundsson (nýr stjórnarmaður)
Kristín Anna Ingólfssdóttir (nýr stjórnarmaður)
Ásdís Sigurðardóttir (nýr stjórnarmaður)
Agni Ásgeirsson (nýr stjórnarmaður)
Margrét Elín Sigurðardóttir (nýr stjórnarmaður)

Halldór Árnason formaður sjóðsstjórnar lést í byrjun árs 2024. Halldór var búinn að starfa lengi fyrir sjóðinn og félagið. Búið er að kjósa nýja stjórnarmenn þar sem kjörtímabili eldri stórnarmanna er lokið.

Sjóðfélagar eru félagsmenn á FRV verkfræðistofum og félagsmenn á almennum markaði auk annarra sem tilheyra félögum sem eru með þjónustusamning við VFÍ.

Á síðastliðnu ári voru veittir 5614 styrkir sem er 11,0% fjölgun frá árinu áður. Sjóðfélagar voru 3639 í árslok 2023 þ.e.a.s. þeir sem greidd voru iðgjöld fyrir á árinu. Þar af voru félagar í VFÍ 2811 en aðrir 828. Sjóðfélögum fjölgaði því um 8,0% á árinu.

Rekstrarreikningur

Á meðfylgjandi rekstrarreikningi sést að iðgjöld ársins 2023 námu 514,7 mkr. sem er 18,4% hækkun frá 2022. Styrkir námu rúmum 474,8 mkr og hækka um 2,2% milli ára. Rekstrargjöld voru 53,7 mkr.

Styrkir sem hlutfall af iðgjöldum 2023 voru 93,0% en 106,7% árið 2022. Fjáreignatekjur voru jákvæðar um 29,5 mkr 2023 en voru neikvæðar um 48,3 mkr 2022. Tryggingafræðilegri úttekt á stöðu sjóðsins lýkur brátt en afkoma sjóðsins hefur stórbatnað frá árinu 2022. Fyrirhugaðar

skerðingar er því ekki eins aðkallandi og áður.

Hóprannsóknnum var haldið áfram á árinu bæði hjá Hjartavernd og átaki í skimun á ristilkrabbameini.

Rekstrarreikningur

	2023	2022
<i>Rekstrartekjur</i>		
Iðgjöld	514.675	435.509
<i>Rekstrartekjur alls</i>	514.675	435.509
<i>Rekstrargjöld</i>		
Styrkir og hóprannsóknir	474.798	464.616
Umsýslukostnaður	51.468	43.551
Annar kostnaður	2.201	2.038
<i>Rekstrargjöld alls</i>	528.467	510.205
Hagnaður/tap án fjármagnsliða	-13.792	-74.696
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	29.478	-48.346
<i>Tekjur umfram (gjöld) á árinu</i>	15.686	-123.042


Efnahagsreikningur

	2023	2022
<i>Eignir</i>		
Veltufjármunir		
Skammtímakröfur	70.492	41.216
Verðbréf	529.519	785.389
Handbært fé	333.596	172.676
	993.607	999.781
<i>Skuldir og eigið fé</i>		
Óráðstafað eigið fé	905.308	889.623
Skammtímaskuldir	28.299	109.658
	933.607	999.281


Fjöldi greiddra styrkja Sjúkrasjóðs

Ár	Fjöldi styrkja	% aukning
2014	839	6,3
2015	1276	52,1
2016	1424	11,6
2017	2160	51,7
2018	2634	21,9
2019	3417	29,7
2020	3384	-1,0
2021	4119	21,7
2022	5058	22,8
2023	5614	11,0


Sjóðfélagar Sjúkrasjóðs VFÍ



Lykiltölur Sjúkrasjóðs VFÍ



Fjöldi greiddra styrkja úr Sjúkrasjóði VFÍ



Skýrsla Vísindasjóðs 2023

Stjórn sjóðsins var á starfsárinu 2023-2024 skipuð eftirtöldum fulltrúum VFÍ, ríkisins og Reykjavíkurborgar:

Geir Guðmundsson, VFÍ
Óli Jón Hertervig, VFÍ
Ásdís Ásbjörnsdóttir, f.h. Rvk. borgar
Einar Mar Þórðarson, f.h. fjármálaráðherra

Vísindasjóður VFÍ byggir á samkomulagi félagsins við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og við Reykjavíkurborg frá 1989. Sjóðfélagar eru starfsmenn ríkisins og stofnana og opinberra hlutafélaga, í eigu ríkisins auk sveitarfélaga sem eiga rétt á að greitt sé fyrir þá í sjóðinn.

Almennt er iðgjaldið 1,72% af dagvinnulaunum.

Þess ber að geta að með kjarasamningi félagsins við Reykjavíkurborg var hætt að greiða í sjóðinn en þess í stað er greitt í Starfsþróunarsjóð og er uppgjöri réttinda sjóðfélaga hjá Reykjavíkurborg að ljúka.

Á árinu 2016 var úthlutunarreglum breytt þannig að svokölluð biðtímaregla var felld niður.

Þá eru styrkir til tölvukaupa ekki lengur tengdir rétti til annarra styrkja.

Iðgjöld 2023 námu 179,6 mkr og iðgjöld í Starfsþróunarsjóð 8,8 mkr. Heildarupphæð styrkja var 88,9 mkr. sem er 22,4% hækkun frá árinu 2022.


Skipting umsókna á milli efnisflokka árið 2023 er eftirfarandi: 127 umsóknir til náms, námskeiða og ráðstefnuferða, 84 umsóknir til kaupa á tölvubúnaði. Samtals 211 umsóknir sem er talsverð fækkun á milli ára.

Alls var greitt fyrir 839 einstaklinga til sjóðsins árið 2023. Þar af voru félagar VFÍ sem greitt var fyrir 714 og aðrir 125. Sjóðfélögum fjölgaði því um 63 á milli ára.


Rekstrarreikningur

	2023	2022
<i>Rekstrartekjur</i>		
Iðgjöld	179.646	156.923
Iðgjöld starfsþróunarsjóðs	8.779	8.294
<i>Rekstrartekjur alls</i>	<u>188.425</u>	<u>165.217</u>
<i>Rekstrargjöld</i>		
Styrkir	88.907	72.612
Umsýslukostnaður	18.842	16.522
Annar kostnaður	1.203	1.149
<i>Rekstrargjöld alls</i>	<u>108.952</u>	<u>90.283</u>
Hagnaður án fjármagnsliða	79.473	74.934
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	44.218	22.130
<i>Tekjur umfram (gjöld) á árinu</i>	<u>123.691</u>	<u>97.064</u>

Sjóðfélagar Vísindasjóðs VFÍ




Fjöldi greiddra styrkja úr Vísindasjóði VFÍ



Efnahagsreikningur

	2023	2022
<i>Eignir</i>		
Veltufjármunir		
Skammtímakröfur	23.342	17.868
Handbært fé	856.240	741.103
	<u>879.582</u>	<u>758.971</u>
<i>Skuldir og eigið fé</i>		
Óráðstafað eigið fé	878.242	754.550
Skammtímaskuldir	1.340	4.421
	<u>879.582</u>	<u>758.971</u>

Lykiltölur Vísindasjóðs VFÍ



Skýrsla Starfsmenntunarsjóðs VFÍ 2023

Stjórn sjóðsins var á starfsárinu 2023-2024 skipuð eftirtöldum fulltrúum

Kristinn Steingrímsson, formaður
Heiða Njóra Guðbrandsdóttir
Linda Rós Birgisdóttir

Starfsmenntunarsjóður VFÍ byggir í grunninn á kjarasamningi félagsins við Samtök atvinnulífsins frá árinu 2011. Iðgjald í sjóðinn er 0,22% af launum. Við sameiningu VFÍ og TFÍ voru samdar starfsreglur fyrir sjóðinn og undir lok árs 2017 var byrjað að taka á móti umsóknum og í byrjun árs 2019 hófust greiðslur á styrkjum úr sjóðnum. Árið 2023 var því fimmta árið sem styrkir voru greiddir. Alls voru greiddir út 359 styrkir að upphæð 21,0 mkr. Eigið fé sjóðsins var í lok árs 2023 427,4 mkr.


Sjóðfélagar í lok ársins 2023 voru 2865 þar af 2080 félagi í VFÍ og aðrir 785. Sjóðfélögum fjölgaði um 9,9% milli ára.

Stjórn er með til skoðunar að hækka upphæð styrkja og auka réttindaöflun hvert ár/mánuð.

Rekstrarreikningur

	2023	2022
<i>Rekstrartekjur</i>		
Iðgjöld	91.405	77.321
<i>Rekstrartekjur alls</i>	91.405	77.321
<i>Rekstrargjöld</i>		
Styrkir	21.003	16.609
Umsýslukostnaður	4.570	3.866
Annar kostnaður	802	741
<i>Rekstrargjöld alls</i>	26.375	21.216
Hagnaður/tap án fjármagnsliða	65.030	56.105
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	19.827	7.546
<i>Tekjur umfram (gjöld) á árinu</i>	84.857	63.651


Lykiltölur Starfsmenntunarsjóðs VFÍ




Efnahagsreikningur

	2023	2022
<i>Eignir</i>		
Veltufjármunir		
Skammtímakröfur	14.128	9.538
Handbært fé	413.294	334.745
	427.422	344.283
<i>Skuldir og eigið fé</i>		
Óráðstafað eigið fé	427.422	342.565
Skammtímaskuldir	0	1.718
	427.422	344.283

Fjöldi greiddra styrkja úr Starfsmenntunarsjóði



Sjóðfélagar Starfsmenntunarsjóðs



Skýrsla Orlofssjóðs VFÍ 2023

Stjórn Orlofssjóðs VFÍ árið 2023-2024:

Margrét Edda Ragnarsdóttir
Sveinn V. Árnason
Kristján Sturlaugsson
Helgi Páll Einarsson

Orlofssjóður VFÍ, áður SV, hefur starfað frá 1997 og sumarið 2024 er tuttugasta og sjöunda sumarið sem úthlutað er til sjóðfélaga.

Félagar í orlofssjóðnum eru félagsmenn í VFÍ sem greitt er fyrir í sjóðinn og aðrir í félögum sem skrifstofan þjónustar og greitt er fyrir.

Sjóðurinn á fimm orlofshús, þrjú í Hraunborgum í Grímsnesi, eitt í Árnasi, eitt í Húsafelli en þar á sjóðurinn tvær lóðir og unnið er að smíði húsa á þeim. Þá á sjóðurinn íbúð í Sómatúni á Akureyri. Í Garðabæ leigir sjóðurinn íbúð sem er framleigð til sjóðfélaga allt árið og fjögur orlofshús í Klapparholti í Borgarfirði. Sumarið 2023 var auk þess boðið upp á íbúð á Ísafirði, fjórar íbúðir á Akureyri, hús í Vopnafirði, Öndurfirði og að Staffelli á Austurlandi. Auk þess leigir sjóðurinn út tjaldvagn til sjóðfélaga.

Sumarið 2020 var Ferðaávísun í boði í fyrsta sinn en með henni er hægt að greiða fyrir niðurgreidda hótलगgingu víðs vegar um landið.

Umsóknir um sumarúthlutun 2023 voru 333 og tókst að úthluta 171 gistingum í húsum og tjaldvagni. Umsóknum fækkaði milli ára og á heimsfaraldurinn örugglega þátt í því vegna aukinnar ásóknar í utanlandsferðir. Auk þess gátu sjóðfélagar keypt ferðaávísun fyrir hótलगgingu, Golfkortið, Veiðikortið, Útilegukortið og Gjafabréf Icelandair.

Alls var greitt fyrir 4320 einstaklinga til sjóðsins á árinu 2023. Félagar VFÍ sem greitt var fyrir voru 3282 en aðrir sjóðfélagar eru 1038. Sjóðfélögum fjölgaði um 7,6% milli ára. Heildariðgjaldagreiðslur á árinu voru 144,8 mkr og leigutekjur voru 27 mkr.


Rekstrarreikningur

	2023	2022
<i>Rekstrartekjur</i>		
lðgjöld	144.870	123.785
Leigutekjur	27.041	20.371
<i>Rekstrartekjur alls</i>	171.911	144.156
<i>Rekstrargjöld</i>		
Leigukostnaður	57.090	51.888
Rekstur orlofshúsa	16.876	11.544
Umsýslukostnaður	20.629	17.125
Annar kostnaður	5.415	4.933
Fyrning sumarhúsa	7.081	7.533
<i>Rekstrargjöld alls</i>	107.091	93.023
Hagnaður/tap/ án fjármagnsliða	64.820	51.133
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	7.182	3.172
<i>Tekjur umfram (gjöld) á árinu</i>	72.002	54.305


Efnahagsreikningur

	2023	2022
<i>Eignir</i>		
<i>Fastafjármunir</i>		
Sumarhús	251.436	157.496
<i>Veltufjármunir</i>		
Skammtímakröfur	19.988	18.744
Handbært fé	124.907	151.390
	396.331	327.630
<i>Skuldir og eigið fé</i>		
Óráðstafað eigið fé	388.928	317.154
Skammtímaskuldir	7.403	10.476
	396.331	327.630

Lykiltölur Orlofssjóðs VFÍ



Sjóðfélagar Orlofssjóðs VFÍ



Öldungadeild VFÍ

Skýrsla stjórnar ÖVFI frá aðalfundi VFÍ 27. apríl 2023 til aðalfundar VFÍ 30. apríl 2024.

Aðalfundur ÖVFI var haldinn 31. maí 2023 í höfuðstöðvum VERKÍS að Ofanleiti 2 í Reykjavík. Á árinu lést einn stjórnarmaður, Páll Sigurjónsson. Stjórnarkosning fór fram í fyrsta skipti samkvæmt breytingum á samþykktum ÖVFI frá aðalfundi 2022. Í stjórnina voru kosnir: Pétur Stefánsson til tveggja ára, Andrés Svanbjörnsson og Daði Ágústsson meðstjórnendur til tveggja ára og Bergþór Þormóðsson og Magnús Bjarnason meðstjórnendur til eins árs.

Að loknum aðalfundinum hélt Egill Viðarson framkvæmdastjóri Verkís erindi um fyrirtækið og helztu verkefni þess. Að því loknu var þátttakendum boðið upp á veitingar og frekari kynningu á húsnæði fyrirtækisins.

Á tímabilinu frá síðasta aðalfundi VFÍ hafa verið haldnir 11 stjórnarfundir. Stjórnarfundir eru nú að jafnaði síðasta fimmtudag í hverjum mánuði.

Félagsfundir á tímabilinu voru þrjár:

- 15.11.23 Uppbygging holræsa í Reykjavík, fyrirlesari Guðjón Friðriksson sagnfræðingur.

- 7.12.23 Jólafundur, fyrirlesari Pétur Ármannsson arkitekt. Fjallað um ævistarf Guðjóns Samúelssonar arkitekts.
- 28.02.24 Gervigreind, fyrirlesari Hjörtur Sigurðsson verkfræðingur, framkvæmdastjóri VSB.

Farnar voru þrjár vinnustaðaheimsóknir á tímabilinu:

- 10.05.23 Kynnisferð í Hús íslenskunnar, EDDU.
- 31.05.23 Kynnisferð í höfuðstöðvar VERKÍS, sbr. að ofan.
- 20.03.24 Kynnisferð á byggingarstað nýs Landspítala (NLSH).

Farnar voru tvær ferðir á vegum deildarinnar á árinu 2023:

- 14-20.05.23 Ferð til Leipzig og Berlínar, skipulögð af Bændaferðum.
- 12.09.23 Ferð um Njáluslóðir, leiðsögumaður Guðni Ágústsson.

Stjórnin undirbýr svipaða stefnu í starfseminni á komandi ári eins og framfylgt hefur verið síðastliðin ár.

Pétur Stefánsson, formaður ÖVFI.
Magnús Bjarnason, ritari ÖVFI.



Staða fagdeilda

Nú eru starfandi innan VFÍ: Byggingarverkfræðingadeild, Efnaverkfræðideild, Rafmagnsverkfræðingadeild og Vélaverkfræðingadeild. Síðastliðin ár hefur verið rólegt yfir starfsemi deildanna. Á því eru ýmsar skýringar. Til dæmis sú að skipulag funda og viðburða er nú meira á vegum skrifstofunnar en var hér í eina tíð.

Segja má að skipulag fagdeilda VFÍ sé barn síns tíma og endurspeglar ekki hve fjölbreyttur starfsvettvangur verkfræðinga og tæknifræðinga er í dag. Einnig er rétt að líta til breyttra námsleiða og nýrra námgreina í háskólunum. Þá hefur verið nefnt að vænlegra sé að ná til félagsmanna með faghópum sem vinna að málum sem tengjast áhuga- og starfssviðum þeirra. Áhugahópur um rafbíla á facebook er dæmi um slíkt. Þá er í bígerð að stofna faghóp um gervigreind.

Deild stjórnenda og sjálfstætt starfandi

Tilgangur deildarinnar er að vera vettvangur stjórnenda og sjálfstætt starfandi félagsmanna innan VFÍ og annarra sem kjósa að standa utan Kjaradeildar og sinna málefnum þeirra eins og segir í lögum félagsins. Félagsmenn VFÍ geta valið hvorri deildinni þeir tilheyra, enda er VFÍ ekki kjarafélag heldur deildaskipt hagsmunafélag. Í stjórn Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi eru: Páll Á. Jónsson, formaður, Bergþór Þormóðsson, Stefán Veturliðason og Jón Guðmundsson, varaméðstjórnandi.

Í september 2023 stóð deildin fyrir málþinginu: Gervigreind – Bölvun eða blessun? Sem tókst í alla staði mjög vel. – Var vel sótt og margir fylgdust með í beinu streymi. Sömu sögu er að segja um málþing sem haldið var 28. febrúar 2024 undir yfirskriftinni: Hvernig aukum við gæði í byggingariðnaðinum?

Þá má geta þess að hafinn er undirbúningur ráðstefnu um stöðu skólakerfisins sem verður í september n.k. Þar verður meðal annars fjallað um áhrif styttingar framhaldsskólans og leiðir til að efla kennslu í raungreinum.

Norðurlandsdeild VFÍ

Aðalfundur og Síldarkvöld

Aðalfundur NVFÍ var haldinn 6. apríl 2024. Hefðbundin aðalfundarstörf og kosning stjórnar. Eva Hlín Dereksdóttir og Áki Áskelsson gengu úr stjórn og er þeim þökkúð vel unnin störf í þágu félagsins. Framboð komu frá tveimur nýjum félögum, þeim Auði Ernu Pétursdóttur og Sunnu Guðmundsdóttur og voru þær kjörnar með lófaklappi.

Ný stjórn er skipuð eftirfarandi:
Björgvin Smári Jónsson formaður
Stefán Steindórsson gjaldkeri
Víðir Bjarkason ritari
Guðni Helgason meðstjórnandi
Sunna Guðmundsdóttir meðstjórnandi
Sigurjón Þórsson varamaður
Auður Erna Pétursdóttir varamaður

Að loknum aðalfundarstörfum var árlegt Síldarkvöld félagsins, veislustjóri var Svavar Knútur og snæddur kvöldverður. Fundurinn og veislan var vel sótt og heppnaðist vel og voru tæplega 60 manns skráð á fundinn.

Stjórnarfundir

Stjórn hefur fundað nokkrum sinnum á starfsárinu og skipulagt viðburði fyrir félagsmenn.

Haustferð

Farið var í haustferð í september, heimsóttum við Hólsvirkjun í Dalsmynni og Hótel Höfða Lodge við Grenivík sem er í byggingu. Að loknum skoðunarferðum var snæddur kvöldverður á Kontornum á Grenivík. Ferðin heppnaðist mjög vel og var þátttaka 16 manns.

Samlokufundir og heimsóknir

Skipulagðir samlokufundir í hádeginu hafa verið haldnir á Múlabergi og mælst vel fyrir hjá félagsmönnum, mæting hefur verið um 25-35 manns. Einnig var farin ein styttri vettvangsferð seinnipart dags í hreinsistöð Norðurorku sem var áhugaverð og vel sótt.

Lokaorð

Samvinna innan stjórnar hefur verið til fyrirmyndar. Stefnan er ávallt að vera nokkra viðburði á hverju ári en ljóst að samlokufyrirlestrar mættu vera fleiri. Þeir eru vel sóttir af félagsmönnum og eru kjörinn vettvangur til að auka tengsl félagsfólks á svæðinu. Einnig eru uppi áform

um að félagsfólk bjóði í stuttar heimsóknir til sinna fyrirtækja og kynna starfsemina á svæðinu. Vonum við að sú hugmynd komist í framkvæmd.

Stjórn NVFÍ vill þakka félagsmönnum ágætt samstarf á starfsárinu og væntir enn frekari og virkari þátttöku í framtíðinni. Hafi félagsmenn tillögu að samlokufyrirlestrum eða heimsóknum hvetur stjórn þá til að koma henni á framfæri við einhvern stjórnarmanna.

Björgvin Smári Jónsson, formaður NVFÍ.

Austurlandsdeild VFÍ

Stjórn:

Björgvin Steinar Friðriksson, formaður.
Óskar Jónsson, varaformaður.
Benedikt Stefánsson, ritari.
Hekla Kolka Hlöðversdóttir, meðstjórnandi.
Sigurður Freysson, meðstjórnandi.
Erna Þorsteinsdóttir, varamaður.

Sjú stjórnarfundir voru haldnir á starfsárinu. Aðalfundur AVFÍ var haldinn 3. maí 2023 í Þórðarbrú. Fulltrúi Vegagerðarinnar flutti fyrirlestur um Fjarðarheiðargöng. Að því loknu fór Svana Helen Björnsdóttir, formaður VFÍ yfir starfsemi félagsins og það helsta sem er framundan í starfinu næstu misseri. Á liðnu starfsári stendur hæst haustferð sem farið var í á Djúpavog þar sem Búlandstindur var sóttur heim og kassaverksmiðja BEWI Íceland á Djúpavogi. Ferðin var mjög áhugaverð og það er óhætt að segja að öll sem tóku þátt í ferðinni hafi verið undrandi yfir þeirri miklu starfsemi sem er í kringum laxeldið á Djúpavogi. Elís Þór Grétarsson á miklar þakkir skildar fyrir að taka einstaklega vel á móti okkur og leiða okkur í gegnum vinnslulínur ásamt mjög svo áhugaverðu erindi um laxeldi almennt. HEF veitur voru með kynningu á starfseminni á Djúpavogi og tekinn rúntur að borholu þar sem væntingar eru um að fá nægilega mikið heitt vatn til að þjónusta samfélagið á Djúpavogi. Kvöldverður á Djúpavogi á Hótel Framtíð og eftirdrykkur á Beljanda Brugghúsi.

Á Degi verkfræðinnar 17. nóvember var gerð prufa með að bjóða félagsmönnum upp á koma saman þar sem áhugaverðum erindum var varpað upp og léttar veitingar voru í boði. Það var ekki ýkja góð aðsókn í þetta sinn en ánægja með framtakið hjá þeim sem mættu.

Engin námskeið voru haldin hjá AVFÍ á þessu starfsári.

F.h. stjórnar AVFÍ, Björgvin Steinar Friðriksson.

Orðanefnd RVFÍ

Núverandi nefnd hefur ekki gefið kost á sér til áframhaldandi setu þar sem ákveðin kaflaskil urðu í verkefnum nefndarinnar. Formaður nefndarinnar, Sigurður Briem, átti fund með Svönu Helen Björnsdóttur, formanni Verkfræðingafélagsins, Árna B. Björnssyni framkvæmdastjóra félagsins, Sigrúnu S. Hafstein sviðsstjóra og Vigfúsi Gíslasyni, formanni Rafmagnsverkfræðingadeildar VFÍ. Sigurður fór yfir stöðuna, verkefni deildarinnar og skilaði af sér öllum gögnum.

Ákveðið var að framtíð Orðanefndarinnar sé nú í höndum félagsins, sérstaklega Rafmagnsverkfræðingadeildarinnar. Hugmyndir eru um að halda iðorðasmíði áfram og finna leiðir til að virkja almenna félagsmenn í því starfi. Var meðal annars nefnt að spennandi möguleikar væru í notkun gervigreindar.

Eftirtaldir voru í Orðanefnd rafmagnsverkfræðinga síðastliðið starfsári:

Kristján Bjartmarsson
Ólafur Pálsson
Sigurður Briem, formaður nefndarinnar
Torfi Þórhallsson

Jóhannes Bjarni Sigtryggsson, Ph. D. í íslenskri málfræði, hefur starfað með nefndinni undanfarin ár sem sérfræðingur og ráðgjafi um íslenskt mál.

Ársskýrsla Kvennanefndar

Stjórn:

Heiða Njóra Guðbrandsdóttir, formaður.
Emilía Valdimarsdóttir.
Gyða Mjöll Ingólfssdóttir.
Jóhanna Björk Pálsdóttir.
Kolbrún Reinholdsdóttir.

Kvennanefnd VFÍ hefur nú starfað innan Verkfræðingafélags Íslands í tuttugu og fjögur ár. Á hvert stendur Kvennanefndin fyrir viðburðum sem ætlað er að styðja við markmið nefndarinnar, þ.e. að styrkja tengslanet kvenna, að skapa og sýna kvenfyrirmyndir og stuðla að því að konur taki jafnan þátt í tækniþróun á við og karla. Covid faraldurinn hafði miki áhrif á starfsemi Kvennanefndarinnar og hefur hún ekki

starfað af sama krafti og áður. Aðeins einn viðburður var haldinn á starfsárinu. Það var hádegisfundur í samstarfi við Arionbanka um þátttöku kvenna á fjármálamarkaði.

Tilaðfræðastánar um störf Kvennanefndar, fá upplýsingar um næstu viðburði eða til að hafa samband við stjórnarkonur bendum við á facebooksíðu nefndarinnar: www.facebook.com/kvennanefndvfi.

Viðurkenningar til nemenda

Meistaradagur Verkfræðistofnunar HÍ

Verkfræðingafélag Íslands veitti þremur meistaranemum viðurkenningar fyrir sérlega vel unnar og áhugaverðar veggspjaldakynningar á Meistaradegi Verkfræðistofnunar sem fór fram í Grósku þann 30. maí 2023. Svana Helen Björnsdóttir formaður VFÍ afhenti viðurkenningarnar og flutti ávarp af því tilefni.

Viðurkenningu hlutu þau Magnús Magnússon fyrir verkefnið Sjálfvirk flokkun á undirsvæðum heilastofns út frá segulómmyndum með djúpu tauganeti,

Arnór Breki Áspórssón fyrir verkefnið Hönnun og greining á gervifæti fyrir börn og Magdalena G. Bryndísardóttir fyrir verkefnið Áreiðanleiki og notagildi OpenQuake og ESRM20 við mat á jarðskjálftaáhættu á Íslandi.

Verkin tala í HR

Á hverju vori heldur Verkfræðideild Háskólans í Reykjavík uppskeruhátíð sem nefnist Verkin tala. Þar kynna meistaranemar við deildina niðurstöður rannsókna sinna á veggspjöldum. Páll Á. Jónsson, varaformaður VFÍ flutti ávarp og afhenti viðurkenningar fyrir tvö bestu veggspjöldin.

Fyrir 30 eininga verkefni var það Kristín Lilja Friðriksdóttir, MSc. í rekstrarverkfræði en hennar verkefni var: Flight Delay Analysis and On-Time Performance Prediction with Discrete-Event Simulation for Icelandair. Fyrir 60 eininga verkefni hlaut Abra Roberta Gold, MSc. í orkuvísindum viðurkenningu en hennar verkefni var: Permafrost Mitigation Solutions for Underground Thermal Energy Storage in Baker Lake, Nunavut.

Lokaverkefni í tæknifræði

VFÍ veitti þremur nemendum sem luku tæknifræðinámi árið 2022 viðurkenningar við hátíðlega athöfn í Verkfræðingahúsi. Viðurkenningarnar voru veittar fyrir lokaverkefni í byggingar-, rafmagns- og orku- og véltæknifræði. Fagstjórar í tæknifræði tilnefndu þrjú lokaverkefni hver og dómnemdir VFÍ valdi eitt verkefni af hverri braut sem hlaut viðurkenningu félagsins.

Eftirtalin fengu viðurkenningu að þessu sinni:

Guðrún Hliðkvist G. Kröyer fyrir lokaverkefni í byggingartæknifræði.

Fáfnir Hjörleifsson, fyrir lokaverkefni í rafmagnstæknifræði.

Þorgeir Freyr Gíslason fyrir lokaverkefni í orku- og véltæknifræði.

Viðurkenningar VFÍ vegna lokaverkefna í tæknifræði lágu niðri vegna heimsfaraldursins og það var sérlega ánægjulegt að geta tekið upp þráðinn.



Viðburðir 2023-2024

Yfirlit yfir viðburði á vegum VFÍ starfsárið 2023-2024. COVID-19 kallaði á að fundir væru í streymi og til að bregðast við því var fjárfest í nýjum og fullkomnum útsendingarbúnaði sem hefur sannað gildi sitt. Upptökur eru á „Sjónvarp VFÍ“. (Hlekkur á forsiðu vfi.is). Auk þess sem hér er talið upp eru margs konar smærri fundir allan ársins hring. Það setti vissulega mark sitt á dagskrá starfsársins að Dagur verkfræðinnar var tvisvar, í nóvember og apríl.

3. maí 2023

Aðalfundur Austurlandsdeildar VFÍ. Fyrirlestur frá Vegagerðinni um Fjarðaheiðargöng.

Gestir fundarins: Svana Helen Björnsdóttir, formaður VFÍ, Árni B. Björnsson, framkvæmdastjóri og Sigrún S. Hafstein, sviðsstjóri.

10. maí 2023

Heimsókn ÖVFÍ í Eddu hús íslenskra fræða.

11. maí 2023

Vorfundur Byggingarstaðlaráðs í samstarfi við VFÍ.

Fyrirlesarar: Samúel Torfi Pétursson, þróunarstjóri Kadeco og Ólafur Teitur Guðnason, samskiptastjóri Carbfix.

14. – 20. maí 2023

Ferð ÖVFÍ: Leyndar perlur Austur-Þýskalands.

25. maí 2023

Samráðsfundur VFÍ.

Fulltrúar nefnda og deilda ræddu markmið og leiðir í starfi félagsins.

31. maí 2023

Aðalfundur ÖVFÍ

Haldinn í höfuðstöðvum Verkís, kynning á starfsemi fyrirtækisins.

27. ágúst 2023

Fjölskyldudagur verkfræðinnar.

Í samstarfi við Vísindasmiðju HÍ.

12. september 2023

Ferð Öldungadeildar VFÍ á Njáluslóðir.

14. september 2023

Samlokufundur: Kynning á kjarakönnun.

Fyrirlesari: Ævar Þórólfsson, verkefnastjóri hjá Félagsvísindastofnun HÍ.

20. september 2023

Ráðstefna: Gervigreind- Bölvun eða blessun?

Á vegum Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi í VFÍ (SVFÍ)..

Fyrirlesarar: Hjálmar Gíslason gervigreindargúrú, framkvæmdastjóri GRID, Sindri Ólafsson, verkfræðingur hjá Marel, Hjörtur Sigurðsson verkfræðingur, framkvæmdastjóri VSB, Torfi Þórhallsson verkfræðingur, lektor við HR. Ráðstefnustjóri: Gyða Björg Sigurðardóttir verkfræðingur, eigandi Ráðar.

22. – 29. september 2023

Rýniferðin 2023 – Lissabon.

23. september 2023

Haustferð Norðurlandsdeildar VFÍ.

Virkjun Artic Hydro og framkvæmdir við Höfði Lodge.

27. september 2023

Námskeið í launaviðtölum.

Leiðbeinandi: Geirlaug Jóhannsdóttir, ráðgjafi hjá Hagvangi.

2. nóvember 2023

Haustfundur Fagstaðlaráðs í upplýsingatækni í samstarfi við VFÍ.

Fyrirlesarar: Þór Jes Þórisson, formaður FUT, Hafsteinn Einarsson, lektor við HÍ, Svavar G. Svavarsson, Össur og Brynjólfur Borgar Jónsson framkvæmdastjóri DataLab.

7. nóvember 2023

ÖVFÍ: Námskeið í skyndihjálp.

Leiðbeinandi Eiríkur Þorbjörnsson, rafmagnstæknifræðingur.

8. nóvember 2023

Haustfundur Rafstaðlaráðs í samstarfi við VFÍ.

Nýjunar á rafmagnssviði. Fyrirlesarar: Birgir Ágústsson, forstöðumaður hjá HMS, Símon Einarsson hjá Straumind og Ómar Gíslason hjá Reykjavelli.

15. nóvember 2023

Fundur ÖVFÍ: Cloacina – Saga fráveitu.

Fyrirlesari: Guðjón Friðriksson, sagnfræðingur.

16. nóvember 2023

Norðurlandsdeild: Samlokufundur.

Kynning á framkvæmdum í Móahverfi á Akureyri.

Fyrirlesari: Pétur Ingi Haraldsson, skipulagsfulltrúi.

17. nóvember 2023

Dagur verkfræðinnar.

Afhending Teningsins.

17. nóvember 2023

Austurlandsdeild: Streymi frá Degi verkfræðinnar.

Félagsmenn komu saman, þáðu veitingar og fylgdust með fyrirlesturum.

22. nóvember 2023

Haustfundur Byggingastaðlaráðs í samstarfi við VFÍ.

Undirbúningur framkvæmda. – Samræmd aðferð við gerð kostnaðaráætlana. Fyrirlesarar: Egill Viðarsson formaður BSTR og framkvæmdastjóri Verkís, Ólafur Ágúst Ingason, verkfræðingur hjá Eflu og Þórunn Lilja Vilbergsdóttir, lögfræðingur hjá HMS.

30. nóvember 2023

Samráðsfundur VFÍ.

Fulltrúar nefnda og deilda ræddu markmið og leiðir í starfi félagsins.

7. desember 2023

Jólafundur ÖVFÍ.

Gestur: Pétur H. Ármannsson arkitekt sem fjallaði um bókina Guðjón Samúelsson húsameistari.

17. janúar 2024

Vísindaferð: VÍR.

19. janúar 2024

Hádegisfundur Kvennanefndar VFÍ.

Í samstarfi við Arionbanka. Efni fundar: Þátttaka kvenna á fjármálamarkaði.

2. febrúar 2024

Vísindaferð: Nemendur í DTU Kaupmannahöfn.

13. febrúar 2024

Norðurlandsdeild: Heimsókn í hreinsistöð Norðurorku.

15. febrúar 2024

Rótarýklúbbur Seltjarnarness, heimsókn til VFÍ.

28. febrúar 2024

Málþing: Hvernig aukum við gæði í byggingariðnaðinum?

Á vegum Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi í VFÍ. Fyrirlesarar: Björn Marteinson byggingarverkfræðingur, Indriði Niússon verkfræðingur hjá Verkís, Ágúst Pálsson sérfræðingur hjá HMS, Ólafur Hjálmarsson verkfræðingur hjá Trivium ráðgjöf, Árni B. Björnsson framkvæmdastjóri VFÍ, Þórunn Sigurðardóttir verkfræðingur hjá HMS. Málþingsstjóri: Helga Jóhanna Bjarnadóttir verkfræðingur hjá Eflu.

28. febrúar 2024

Námskeið í launaviðtölum.

Leiðbeinandi: Geirlaug Jóhannsdóttir, ráðgjafi hjá Hagvangi.

28. febrúar 2024

Fundur ÖVFÍ: Gervigreind.

Fyrirlesari: Hjörtur Sigurðsson, framkvæmdastjóri VSB.

6. mars 2024

Námskeið: Er gaman í vinnunni?

Leiðbeinandi: Ingrid Kuhlmann hjá Þekkingarmiðlun.

20. mars 2024

ÖVFÍ: Heimsókn til Nýja Landspítala.

25. mars 2024

Samlokufundur í samstarfi við Íslandsdeild IEEE: Metaverse.

Fyrirlesari: I.F. Akyldiz.

4. apríl 2024

Námskeið: Hver verður staða mín við starfslok?

Leiðbeinandi: Guðmundur Ragnarsson, ráðgjafi.

6. apríl 2024

Aðalfundur Norðurlandsdeildar VFÍ.

18. apríl 2024

IMaR ráðstefnan 2024.

Haldin í samstarfi við Háskólann í Reykjavík.

19. apríl 2024

Dagur verkfræðinnar.

Afhending Teningsins.

23. apríl 2024

Aðalfundur Austurlandsdeildar.

Erindi um vindmyllugarð í Fljótssdal – Ágúst Þór Margeirsson.

Gestir fundarins: Svana Helen Björnsdóttir, formaður VFÍ, Árni B. Björnsson, framkvæmdastjóri VFÍ og Sigrún S. Hafstein, sviðsstjóri.

30. apríl 2024

Námskeið í launaviðtölum.

Leiðbeinandi: Geirlaug Jóhannsdóttir, ráðgjafi hjá Hagvangi.

30. apríl 2024

Aðalfundur Verkfræðingafélags Íslands.



Verkfræðingafélag Íslands